

**Nr. 20-061 S 045 Hringur SH 153*****Skipverji slasast við veiðarfæri***

Skipaskr.nr. 2685    IMO nr. 8956669  
 Útgerð: Guðmundur Runólfsson hf.  
 Smíðaður: Skotlandi 1997 stál.  
 Stærð: 272 brl.    481 bt.  
 Mesta lengd: 28,99 m    Skráð lengd: 25  
 Breidd: 9,3 m    Dýpt: 7,5 m  
 Vél: M.A.K. 745 kW 1997  
 Fjöldi skipverja: 10



Hringur ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
 Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. janúar 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 6. janúar 2020 var Hringur SH 153 á veiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: NA 10 m/sek.

Skipverjar voru að láta trollið fara þegar höfuðlínukúla festist í upphífangarkeðjunni á stjórnborðshleranum. Við það dróst bakstroffan út og endinn á henni slóst í höfuðið á skipverja sem stóð við stjórnækin á þilfarinu. Keðjan lenti í hjálmi hans þannig að hann rotaðist við höggið og féll í þilfarið.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn stóð við stjórnækið fyrir grandarana sem staðsett voru stjórnborðsmegin við skutrennulokann á þilfarinu og var að slaka út gröndurunum;
- að skipverjinn var með lokaðan hjálm sem kom í veg fyrir alvarlega höfuðáverka;
- að í fallinu lenti skipverjinn illa á hægri öxlinni;
- að eftir atvikið voru þær breytingar gerðar að bakstroffan er tekin upp þannig að hún eigi ekki að húkkast í. Einnig voru flatleggir rafsoðnir í lunninguna til að húkka skottinu í þannig að framendinn væri fastur.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.